



Fundargerð aðalfundar EBAK 26. mars 2018

1. Setning aðalfundar:

Ávarp formanns:

Ágætu félagar og aðrir góðir gestir.

Ég hef nú veitt þessu félagi forustu í tvö ár og þegar þess var farið á leit við mig hvort ég væri ekki tilbúinn að taka að mér næstu tvö ár. Þá hlýtur maður að spyrja sig hvort það sé rétt, er maður að gera félaginu gagn eða ógagn með því.

Nú ætlaðist það þannig á síðasta landsfundi LEB að ég var kosinn þar í stjórn og hef ég nú tekið þar að mér nokkur nefndarstörf svo sem kjaranefnd, erlend samskipti og fl. Það eru jú takmörk fyrir því hversu margskiptur maður getur verið.

Þar sem ég á því láni að fagna að með mér sitja hér í stjórn mjög duglegt og ósérhlífið fólk, sló ég til, ekki síst vegna hvatningar frá mörgum þeirra. Ég var minntur á það að það sé ekki skynsamlegt að skipta um hest í miðri á, því hér sé búið að ákveða ýmsar breytingar á næstunni, þar sem starfsmannahald hér í Bugðusiðu færir til EBAK frá 1. júní.

Það er sagt að maður læri svo lengi sem maður lifir og það hefur verið mér til þroska að fá að taka þátt í starfi sem snýr að eldri borgurum, ekki bara þroska heldur ánægju og sannfæringu fyrir mikilvægi félagsins okkar.

Ekki er til nein skilgreining á því hver telst vera eldri borgari. Oft er miðað við töku lífeyris eða 67 ára aldurs, jafnframt er stundum miðað við þátttöku í félögum eldri borgara, afslátt hjá sveitarfélögum og fyrirtækjum og sums staðar eru sérstök inntökuskilyrði í mismunandi búsetuform.

Nú er verið að breyta lögum Tryggingastofnunar, þannig að miðað verði við sveigjanleg starfslok, hægt verði að hefja töku lífeyris að hálfu eða öllu leyti á aldrinum 65 – 80 ára og vinna með án skerðingar lífeyris.

Öldruðum fjölgar nú mikið hér á landi og á næstu árum þannig að stjórnámálamenn verða í vaxandi mæli að taka tillit til þessa hóps.

Framlag eldri borgara til samfélagsins hér á Akureyri, raddir þeirra, þekking og reynsla er auður sem er ein af grunnstöðum bæjarlífsins. Þess vegna bindum við miklar vonir við stofnun og störf öldungaráðs. En öldungaráð er eins og segir í samþykktum þess, vettvangur samráðs bæjarbúa sem eru 60 ára og eldri. Og það skal vera bæjarstjórn, nefndum og ráðum Akureyrarbæjar til ráðgjafar um allt varðandi útfærslu á málefnum aldraða.

Nú á þessum fundi verða kosnir í fyrsta sinn fulltrúar félagsins í öldungaráð Akureyrarbæjar.

Minnst látinna féлага

Frá því að við vorum hér síðast á aðalfundi fyrir um ári síðan, hafa nokkrir félagar okkar verið kallaðir af þessum heimi yfir móðuna miklu.

Ég vil biðja viðstadda að rísa úr sætum og minnst þessara féлага okkar um leið og við sendum ættingjum þeirra samúdarkveðjur.

Setning fundarins

Lögmæti fundarins var kannað og tekið fram að aðeins félagsmenn hefðu kosningarétt.

Formaður sagði aðalfund Félags eldri borgara á Akureyri og nágrenni 2018 settan og bar upp tillögu stjórnar um starfsmenn fundarins, Hákon Hákonarson sem fundarstjóra og að ritarar yrðu Margrét Pétursdóttir ritari félagsins og Garðar Lárússon meðstjórnandi.

Tillagan var samþykkt samhljóða og fundarstjóri og ritarar tóku til starfa.

2. Skýrsla stjórnar starfsárið 27. mars 2017 til 26. mars 2018.

Haukur Halldórsson formaður flutti skýrslu stjórnar EBAK

Stjórn félagsins var þannig skipuð milli aðalfunda 2017 – 2018:

formaður Haukur Halldórsson, varaformaður Halldór Gunnarsson, ritari Margrét Pétursdóttir gjaldkeri Dóra Steinunn Jónasdóttir, meðstjórnandi Hallgrímur Gíslason, meðstjórnandi Jón Aðalsteinn Baldvinsson, meðstjórnandi Halldóra Hrönn Höskuldsdóttir, varamenn Kolbrún Kristjánsdóttir, Egill Jónsson og Garðar Lárusson. Framkvæmdaráð starfar innan stjórnar en í því sitja, formaður, varaformaður, ritari og gjaldkeri.

Tólf bókaðir stjórnarfundir voru haldnir á starfsárinu, auk þess hittist framkvæmdaráð oft til undirbúnings stjórnarfunda sem og annara verkefna. Til viðbótar sat hluti stjórnar ýmsa aðra fundi. Skrifstofa félagsins var opin líkt og áður á miðvikudögum milli kl. 14:00 – 16:00, nema í júlí og ágúst, en þar var ávallt einhver stjórnarmaður til skrafs og ráðagerðar. Eftir áramót var viðverutími stytur og er nú einungis á milli 14.00 og 15.00 vegna þess hversu fáir notuðu þessa þjónustu.

Nefndir félagsins

Stór hluti félagsstarfsins er á vegum hinna ýmsu nefnda en þær eru líkt og áður:

Skemmtinefnd, ferðanefnd, fræðslunefnd, kaffinefnd, spilanefnd (félagsvist og keppnisbridge) og göngunefnd (útivist og heilsurækt). Heimasíðunefnd, nú kölluð nefnd um netmiðla. Á vegum stjórnar starfaði golfnefnd sem nú er lagt til að fest verði í sessi. Þá starfaði Bugðusíðunefnd og Víðilundarnefnd sem önnuðust sumaropnun í félagsmiðstöðunum. Einnig er starfandi á vegum félagsins uppstillinganefnd.

Starfslýsing hefur nú verið gerð fyrir flestar nefndirnar í samvinnu við þær og eru þær uppfærðar eftir þörfum.

Formenn eða talsmenn nefnda gera hér á eftir grein fyrir starfi nefnda sinna, þess vegna er ekki vikið nánar að starfi þeirra hér. En ég vil nota þetta tækifæri fyrir hönd stjórnarinnar til þess að þakka öllum nefndum fyrir vel unnin störf á árinu.

Tillögur samþykktar á síðasta aðalfundi og afdrif þeirra:

Samþykkt var tillaga sem átelur ný lög um Tryggingastofnun. Fundurinn krafðist þess að stjórnvöld hækki strax frítekjumörk launatekna varðandi skerðingu ellilífeyris en þau eru aðeins 25.000 kr á mánuði, sem er mjög letjandi fyrir eldri borgara sem vilja taka að sér hlutastarf og leiðir aðeins af sér svarta vinnu. Tillagan var send til Landsambands eldri borgara (LEB).

Samþykkt var tillaga um að beina því til stjórnvalda að stofnað verði embætti umboðsmanns aldraða og áréttað var mikilvægi öldungaráðs. Fyrri hluti tillögunnar var send til LEB og síðari hluti tillögunnar til Akureyrarbæjar. Jafnframt voru framangreindar tillögur sendar á fjölmiðla.

Aðalfundur LEB

Fundurinn var haldinn í Hafnafirði 23.-24. maí. Þeir fjórir fulltrúar sem sitja í framkvæmdaráði EBAK sátu fundinn. Fundurinn snerist að sjálfsögðu um hin ýmsu hagsmunamál eldri borgara og samskipti LEB við ríkisvaldið. Á fundinum kom fram tillaga um að endurskoða samþykktir LEB og var sú tillaga samþykkt og í framhaldi af því kosinn milliþinganefnd sem hefur nú skilað tillögum sínum. Haldinn verður auka landsfundur 24. apríl í félagsheimilinu á Seltjarnarnesi til afgreiðslu á þeim samþykktarbreytingum sem milliþinganefndin leggur til.

Nýr Samningur við Akureyrarbæ

Nýr samningur á milli Akureyrarbæjar og EBAK um afnot félagsins af húsnæðinu að Bugðusíðu 1 var undirritaður 21. desember 2017. Byggir hann að mestu leyti á eldri samningum en megin breytingin er að EBAK tekur við umsjón með Bugðusíðu 1 og starfmannahaldi þar frá 1. júní 2018. Á móti leggur Akureyrarbær fram fjárstyrk til félagsins sem á að nema sem næst einu stöðugildi. Sömuleiðis hefur félagið fengið yferráð yfir salnum hérna í Bugðusíðu og getur leigt hann út ef henta þykir. Samin hefur verið verðskrá og leiguskilmálar til bæði tengdra og ótengdra aðila. Þá eru fyrirhugaðar breytingar á starfseminni hér í Bugðusíðu og Víðilundi varðandi sumarlokun. Það hefur lengi verið baráttumál okkar að Akureyrarbær hætti við hina löngu sumarlokun sem hefur verið hér og í Víðilundi frá 1. júní til 15. september eða í þrjá og hálfan mánuð. Þess vegna var gripið til þess ráðs af vaskri sveit sjálfbodaliða, aðallega kvenna, að standa fyrir sumaropnun hér í Bugðusíðu síðastliðin tvö ár. Og sömuleiðis stóðu nokkrar öflugar konur fyrir sumaropnun í Víðilundi síðastliðið sumar.

Nú hafa forráðamenn Akureyrarbæjar list því yfir að þeir vilji stefna að því að félagsmiðstöðvarnar báðar verði opnar yfir sumarið í áföngum. Í Víðilundi verður einungis lokað að hálfu bæjarins í júlí 2018 og stefnt að heilsárs opnum 2019.

Sömuleiðis fær EBAK fjármuni til að halda opnu hér í Bugðusíðu en væntanlega verður opnunartíminn færri stundir á dag yfir sumarið.

Margþætt samstarf við Akureyrarbæ

Aðaltengiliður okkar við bæjaryfirvöld er sem fyrr Bergljót Jónasdóttir forstöðumaður tólmstundamála en hún heyrir undir Kristinn Reimarsson, sviðsstjóra samfélagssviðs. Samstarf við bæinn er með ýmsu móti t.d. með endurnýjun á tækjakosti félagsmiðstöðvarinnar, nú síðast lagfæring á poolborðum. Sömuleiðis er samstarf um útgáfu fréttabréfs vegna haust- og vorannar en þar er gerð grein fyrir fjölbreyttu námskeiðshaldi og handverki. Allt samstarf við Bergljótu og Kristinn svo og aðra þá starfsmenn bæjarins sem við höfum átt samskipti við hefur verið mjög ánægjulegt. Og vill stjórnin þakka sérstaklega fyrir það. Einnig vill stjórnin þakka Hildi Björnsdóttur sem starfaði hér í byrjun starfsárs en varð að hætta vegna alvarlegra veikinda og óskum við henni góðs bata. Frá því í haust hafa Linda Hrönn Sigfúsdóttir og Sunna Dögg Tavsén með aðstoð Hjördísar Frímanna til skiptis staðið vaktina hér í Bugðusíðu og viljum við þakka þeim fyrir lipra þjónustu.

Ýmsir fundir

Á lýðræðishátíðinni Fundur fólksins sem haldin var í Hofi 8.-9. sept. voru ég og Valgerður Jónsdóttir með erindi og tókum þátt í pallborði um málefni aldraða.

2. nóv. tók ég þátt í ráðstefnu á vegum Háskólans á Akureyri undir þemanu „Minn tími kemur“. Meðal frummælanda var Þórunn Sveinbjarnardóttir formaður LEB og notaði hún tækifærið til að heilsa upp á okkur hér. Þann 12. apríl er fyrirhugað málþing í samvinnu HA og fræðslunefndar EBAK undir nafninu „Maður er manns gaman“.

22. nóv. var haldinn fjölmennur fundur með forráðamönnum nefnda félagsins en þar komu fram ýmsar gagnlegar hugmyndir um nýjar áherslur í starfi félagsins og er þegar byrjað að hrinda þeim sumum í framkvæmd. T.d. dansnámskeið, skíðaklúbb og kjaranefnd.

23. nóv. var ég ásamt varaformanni Halldóri Gunnarssyni með kynningu um EBAK á starfslokánámskeiði sem haldið var á vegum Akureyrarbæjar.

Sömuleiðis hefur EBAK verið beðið um að halda aftur fræðsluerindi á starfsloka námskeiði sem haldið verður á næstunni af Símei fyrir félagi í Einingu Iðju.

Þann 23. jan. stóðu stjórnin og fræðslunefndin fyrir opnum fræðslufundi um starfsemi EBAK og var hann vel sóttur.

Ég og/eða aðrir stjórnarmenn mættu á ýmsa aðra fundi þar sem okkur ýmist var boðið að mæta eða óskað var eftir nærveru okkar þegar rædd voru heilsutengd velferðarmál.

Ýmis málefni

Ekki varð framhald á leigu Sjálfsbjargarsalarins þar sem lítil áhugi reyndist vera á áframhaldandi aðstöðu fyrir boccía og krullu.

Í viðtalstíma á skrifstofunni þann 12. apríl komu hjónin Þuríður Þorsteinsdóttir og Kjartan Ólafsson með flosmynd sem Þuríður hafði gert. Myndina gáfu þau félaginu.

Stjórnin hefur átt nokkra fundi með Benedikt Sigurðarsyni framkvæmdastjóra Búfestis þar sem hann hefur kynnt hugmyndir Búfestis um að reisa leigu- og söluíbúðir sem hentað gætu þörfum eldri borgara. EBAK hefur í því sambandi undirritað viljayfirlýsingu um að koma að þessum málum, þó án allra skuldbindinga. Bærinn hefur nú nýverið gengið frá aðalskipulagi sínu þar sem nokkrar staðsetningar fyrir slíka byggð koma til greina.

Stjórninni hefur borist áskorun um að kanna mögulega stækkun á salnum hér í Bugðusíðu þar sem hann fullnægir ekki lengur þörfum félagsins. Stjórnin mun leggja fram tillögu þess efnis fyrir fundinn og leita eftir heimild til þess að kanna þessi mál ítarlega.

Breytingar á samþykktum (lögum félagsins)

Nokkrar minni háttar breytingar verða lagðar til á þessum aðalfundi.

Stefnt er að því að gefa samþykktir út í litlum handhægum bæklingi fyrir þá sem ekki geta notfært sér heimasíðu félagsins.

Fjárhagur félagsins

Gjaldkeri gerir grein fyrir fjárreiðum félagsins og leggur fram ársreikning. Segja má að reksturinn sé í jafnvægi og því ekki þörf á að hækka árgjaldið núna, m.a. vegna fjölgun félaga. Félagar í EBAK voru 1.270 í ársbyrjun 2017 og um 1.400 í árslok. Fjölgað hefur því um ca. 130 manns.

Þakkir

Þakka meðstjórnendum gott samstarf á árinu en þar eru flestir mjög virkir í starfi, m.a. vegna ákveðinnar verkaskiptingar sem við höfum með okkur.

Að lokum vil ég þakka ykkur kæru félagsmenn sem hafa treyst mér að leiða starfið á árinu. Jafnframt vil ég þakka öllum þeim sem ég hef átt samstarf við á ári vegna starfa minna fyrir félagið. Þá vil ég þakka þeim sem hætta í stjórn og nefndum á vegum félagsins fyrir vel unnin störf.

3. Reikningar félagsins árið 2017

Gjaldkeri EBAK Dóra Steinunn Jónasdóttir gerði grein fyrir reikningum félagsins árið 2017, sem voru áritaðir af stjórn og skoðunarmönnum reikninga.

Samkvæmt rekstrarreikningi félagsins eru rekstrartekjur kr. 3.957.794 og rekstrargjöld kr. 4.092.469. Rekstrartap fyrir fjármagnsliði því kr. 134.675. Fjármunatekjur að frádregnum fjármagnstekjuskatti og dráttarvöxtum eru kr. 809.158, þannig að hagnaður ársins er kr. 674.483.

Rekstrartekjur félagsins eru félagsgjöld kr. 3.407.150 og styrkur frá Akureyrarbæ kr. 550.644.

Helstu rekstrargjöld eru þessi: Vegna auglýsinga félagsins í fjölmiðlum kr. 793.426, styrkir til göngunefndar, kórsins - „Í finu formi“, kostnaðar vegna bridgemóts o.fl. kr. 717.440. félagsgjöld til Landssambands eldri borgara (LEB) kr 762.000, keypt áhöld og búnaður o.fl. kr. 545.512, tölvu- og vefsíðukostnaður kr. 103.955, ýmis aðkeypt þjónusta kr. 755.533, ferðakostnaður og kostnaður við kaffi og veitingar kr. 309.755.

Reikningar félagsins bornir upp til samþykktar og samþykktir með öllum greiddum atkvæðum.

4. Árgjald félagsins fyrir árið 2019

Fundarstjóri leitaði til fundarins eftir afbrigði frá auglýstri dagskrá um að taka næst umræðu um árgjald fyrir næsta starfsár. Samþykkt samhljóða. Dóra Steinunn gjaldkeri gerði grein fyrir tillögu stjórnar um að árgjald félagsmanna yrði óbreytt kr. 2.500 næsta ár. Samþykkt samhljóða.

5. Skýrslur fastanefnda EBAK starfsárið 27. mars 2017 til 26. mars 2018.

Ferðanefnd, Hulda Eggertsdóttir formaður flutti skýrslu nefndarinnar fyrir starfsárið 2017 -2018.

Nefndina skipa: Hulda Eggertsdóttir formaður, Hákon Hákonarson varaformaður, Karl Jörundsson ritari, Ásgerður Snorradóttir gjaldkeri og meðstjórnendur voru Karl Steingrímsson, Kolbrún Kristjánsdóttir og Rafn Sveinsson.

Nefndin hefur haldið 22 bókfærða fundi á starfsárinu auk ótalinnna símafunda.

Fyrsta verkefni okkar á tímabilinu var ferðakynning í Bugðusíðu 1, þann 1. apríl 2017. Húsfyllir var eins og venjulega, boðið upp á kaffi og kleinur, allar ferðir kynntar vel og röggssamlega. Að lokinni kynningu var síðan tekið við bókunum í ferðirnar.

Leikhúsferð var farin 22. apríl í Freyvangsleikhúsið á „Góðverkin kalla“ og var þátttaka mjög góð, tvær fullar rútur.

Stóra innanlandsferðin okkar var að þessu sinni farin um Vestfirði dagana 19.-22. júní. Gist var allar næturnar á Hótel Heydölum í Mjóafirði við Ísafjarðardjúp.

Farið var víða og margt að skoða. Ferðin var fullskipuð og tókst mjög vel. Fararstjórar voru Ásgerður Snorradóttir og Hulda Eggertsdóttir.

Vegna breytinga á haustferðinni til sólarlanda var haldin aukaferðakynning í Bugðusíðu 1, þann 27. júní og var hún vel sótt og mikið bókað.

Þann 12. júlí var farin dagsferð um Skaga og tókst hún vel og var skemmtileg.

Fararstjórar í þeirri ferð voru Hákon Hákonarson og Rafn Sveinsson.

9. til 11. ágúst var farin 3ja daga ferð um Vatnsnes og í Borgarfjörð. Gist á Hótel Sól á Hvanneyri og ferðast vítt og breytt um Borgarfjörð. Ferðin tókst vel undir stjórn þeirra nafna Karls Jör og Karls Steingrímssonar.

Haustferðin í sólina var farin til Gran Canarí þann 30. september og dvalið í 21 sólarhring og gist á Ossidental Margarítas. Fullbókað var í ferðina, um 180 manns og var hún ánægjuleg í alla staði.

Með í för var eins og á síðasta ári okkar frábæri hjúkrunarfræðingur Þóra Ákadóttir og var hún okkur mikil hjálp. Einnig voru það fararstjórnarnir okkar Anna Lea og Brói, sem héldu utan um hópinn af sinni alkunnu snilld.

Í samvinnu við skemmtinefnd sáum við um ferð á jólahlaðborð í Mývatnssveit 8.-9. desember. Gist var á Hótel Seli og fengum við þar góðar móttökur að vanda.

Þann 16. febrúar var síðan haldin ferðakynning í Bugðusíðu 1, þar sem kynntar voru allar innanlandsferðir ársins 2018 og utanlandsferðin til Benidorm næsta haust. Fullt var út úr dyrum á kynningunni og mikið bókað í ferðirnar enda margar spennandi ferðir í boði.

Um 150 manns hafa þegar bókað sig í utanlandsferðina í haust, fullbókað er í Suðurlandsferðina og biðlisti, en nokkur sæti eru ennþá laus í Austfjarðarferðina.

Vetrarferðin okkar í sólina var svo farin 21. febrúar s.l. til Tenerife, gist á Hótel Troya í 21 nótt. Fín ferð í alla staði.

Fararstjórar hveftrar innanlandsferðar bera ábyrgð á sínum ferðum og skila skriflegu uppgjöri til gjaldkera nefndarinnar. Flestar ferðir standa undir sér fjárhagslega.

Fyrir nokkrum árum síðan styrkti félagið nefndina með kr. 200.000 á ári en þetta var fellt niður árið 2016 og hefur ekki verið síðan. Þetta kemur til með að hækka ferðirnar, sem því nemur. Þess má geta að meiri hluti farþega í ferðunum okkar er fólk, sem hefur ekki bíl til afnota.

Við erum algerlega með sjálfstæðan fjárhag, eigum í sjóði kr. 336.264.-, sem er nauðsynlegt vegna forfalla í ferðir ss. vegna veikinda eða annarra óvæntra forfalla. Þá reynist snúíð að verðleggja ferðir

vegna ýmissa breytinga, sem geta komið upp. Það er erfiðara með hverju árinu að semja um gistingar og jafnvel mat á hinum ýmsu stöðum á landinu vegna aukningar á ferðamönnum.

Fræðslunefnd, Hólmfríður Guðmundsdóttir formaður flutti skýrslu nefndarinnar fyrir 2017 - 2018.

Á aðalfundi EBAK 2017 komu tveir nýir félagar inn í fræðslunefnd, Guðrún Sigurðardóttir og Ragnheiður Gestsdóttir. Aðrir í nefndinni eru Hólmfríður Guðmundsdóttir formaður, Grétar G. Ingvarsson ritari og Stefán Vilhjálmsson gjaldkeri. Nýju nefndarmennirnir fengu strax það hlutverk að hefja undirbúning að málþingi í samvinnu við Háskólann á Akureyri en ráðstefnuhald er eitt af hlutverkum fræðslunefndar samkvæmt starflýsingu. Á starfsárinu hafa verið haldnir 14 fundir í fræðslunefnd og undirbúningsfundir fyrir málþingið hafa verið 7. Auk þess er nefndin í stöðugu tölvusambandi. Skipulagðir voru viðburðir í félagsmiðstöðinni í Bugðusíðu að meðaltali tvisvar í mánuði og hefur aðsókn alla jafna verið mjög góð.

Kostnaður af starfi fræðslunefndar er lítill, flestir viðburðir eru þess eðlis að þeim fylgir lítill sem enginn kostnaður. Dýrust eru málþingin, en fræðslunefnd sækir um styrki til stjórnar fyrir kostnaði. Við hófum veturinn með myndaskoðun með Herði Geirssyni á Minjasafninu. Hann kom tvisvar.

Aðalsteinn Bergdal kynnti Norðurslóðasafnið og Gunnar Jónsson frá Villingadal kom tvisvar með erindi um sögustaði í Eyjafirði fram. Gunnar mun svo vera með okkur í vor þegar við ljúkum vetrarstarfinu með rútuferð fram í fjörð til að skoða sögustaði.

Í nóvember og desember var í tvígang lesið úr nýjum bókum, leitast hefur verið við að lesa úr bókum eftir höfunda hér úr nágrenninu en ýmislegt annars staðar frá hefur flotið með, aðallega til að brjóta upp.

Við byrjuðum árið 2018 með fyrirlestri um slökun, streitu og svefn. Síðan var starfsemi félagsins kynnt rækilega í samvinnu við stjórn félagsins. Þá komu fulltrúar frá Akureyrarstofu og kynntu okkur göngustíga og bekki en einnig útilistaverk bæjarins. Nýlega var kynning á Kristnesspítala - safni um sögu berklanna og áætluð er kynning á starfsemi Rauða krossins.

Í allan vetur hefur verið í gangi leshringur í samvinnu við Amtsbókasafnið. Leshringurinn hittist aðra hvora viku og í honum eru 10 félagar úr EBAK. Starfsmaður á safninu leiðir lesturinn og ríkir almenn ánægja með þennan lestur. Næsta vetur verður aftur boðið upp á leshring á safninu en þá fyrir nýja þátttakendur, "Gamli" leshringurinn mun halda áfram á safninu en án leiðbeinanda.

Í apríl verður svo tölvukennsla í samvinnu við Menntaskólann á Akureyri og í maí munu nemendur bjóða upp á aðstoð við gluggaþvott eða bílaþvott.

Síðast en ekki síst verður málþingið „Maður er manns gaman“, um félagsauð og heilsu. Málþingið verður 12. apríl í Háskólanum á Akureyri og hefst kl. 12:30.

Göngunefnd, Soffía Jónsdóttir formaður flutti skýrslu nefndarinnar fyrir starfsárið 2017 – 2018.

Nefndina skipa: Soffía Jónsdóttir formaður, Júlíana Tryggvadóttir varaformaður, Jakob Jóhannes-son gjaldkeri, Unnur Þorsteinsdóttir ritari og Gylfi Guðmarsson meðstjórnandi.

Fáir formlegir fundir voru haldnir, en þeim mun fleiri óformlegir þegar við ræddum málin í gönguferðunum. Nefndin sá um ferðir í Kjarnaskóg alla þriðjudagsmorgna í júní, júlí og ágúst síðasta sumar, nema einu sinni, en þá var óvissuferð á vegum nefndarinnar. Í gönguferðirnar mættu 20 til 43 manns, samanlagt 388 eða 32,33 í hverja ferð að jafnaði. Í einni ferðinni spilaði Pálmi Stefánsson um stund á harmonikku á pallinum við Kjarnakot. Í annað skipti mætti Björk Pálmadóttir og var með upphitun og teygjur fyrir göngufólk. Í óvissuferðinni voru 58 manns

Lagt var af stað frá Lindasíðu kl. 9.30 og fólkinu svo smalað á sömu stoppistöðvum og í Kjarnaskógar ferðunum. Fyrsti viðkomustaður í ferðinni var á Laugum, rétt til að létt á sér. Þá var ekið austur í Fjallakaffi, þar sem við borðuðum kjötsúpu og drukkum kaffi. Á eftir gat fólkið einnig skoðað sig um um stund og klappað geitum. Næst fórum við til baka í Mývatnssveit og skoðuðum fuglasafnið, því næst í Dalakofann í Reykjadal, drukkum kaffi með meðlæti og sungum og trölluðum um stund áður en haldið var heim. Þessi ferð var að öllu leyti greidd af þátttakendum kr.7500 á mann. Í ferðirnar í Kjarnaskóg greiddi hins vegar félagið fyrir rútna og erum við þakklát fyrir það. Göngunefnd hlutaðist til um, ásamt stjórn félagsins, að stofnaður var gönguhópur síðasta vor, fyrir lengri og eða erfiðari gönguferðir. Í vetur var svo stofnaður skíðagönguhópur.

Einnig hvatti nefndin til gönguferða í Boganum yfir veturinn, þegar erfiðara er að ganga úti.

Skemmtinefnd, Birgir Sveinbjörnsson formaður flutti skýrslu nefndarinnar fyrir 2017–2018.

Nefndina skipuðu: Birgir Sveinbjörnsson formaður, Ágúst Ellertsson varaformaður, Páll Gíslason gjaldkeri, Erna Tulínus ritari, og meðstjórnendur Ásta Axelsdóttir, Svava Karlsdóttir, Sveinn Sigurbjörnsson, Filippía Sigurjónsdóttir og Pétur Sigurðsson. Pétur og Filippía hættu í nefndinni um áramót sökum anna og aðrir sem hverfa senn frá störfum í nefndinni eru Svava Karlsdóttir, Páll Gíslason og Erna Tulínus. Í staðinn koma Jóna Berg, Matthildur Sigurjónsdóttir, Sigurgeir Ísaksson, Ingibjörg Árnadóttir og Freysteinn Bjarnason.

Kráarkvöldum var fjölgað og eru nú í öllum mánuðum frá september til maí. Undanskilinn var nóvember en þá var árhátíðin. Á kráarkvöldum sem standa frá kl. 20:30 til miðnættis á laugardagskvöldum er höfuðáhersla lögð á að fólk hittist til að dansa og skemmta sér. Að auki er svonefnt uppbrotsatriði í hálfleik eða hléi sem nefndin kemur með. Aðsókn á kráarkvöldin hefur verið mjög góð enda ekki margir staðir á Akureyri þar sem fólk getur farið út að dansa á skikkanlegum tíma. Einu sinni eða tvisvar höfum við þurft að vísa örfáum frá.

Bingóið sem er á þriðjudögum kl. 13:15 í Bugðusíðu hélt áfram. Aðsókn hefur verið svipuð og áður 20 – 30 manns. Nefndarfólk stjórnar bingóinu til skiptis en starfsfólkið hér hefur kaffi og meðlæti á boðstólum á eftir. Á starfsárinu hafa verið um 27 bingó, það 28. á morgun. Áformað er að halda bingó út maí.

Aðrir viðburðir eru 10. Nefndin hefur því komið að 37 viðburðum milli aðalfunda. Fleiri verða þeir væntanlega næsta starfsár.

Vorgleðin sem haldin er í samstarfi við kaffinefndina er síðasta laugardag í apríl. Seinast var húsfyllir. Þá er sumri fagnað, boðið upp á kræsingar af hlaðborði, söngatriði, gamanmál og dans. Dagskráin er vönduð og miklar krásir í boði á væntanlegri vorgleði laugardaginn 28. apríl klukkan 14:30 hér í salnum. Að sjálfsögðu verður dansað í lokin.

Árshátíðin var með hefðbundnu sniði föstudaginn 10. nóvember, hátíðakvöldverður, skemmtiatriði og dans. Hæfilegur fjöldi fólks sótti viðburðinn.

Jólagleðin var í Mývatnssveit og haldin í samvinnu við ferðanefnd 8.-9. desember. Að kvöldi þess 9. var einnig kráarkvöld. Það var býsna annasöm helgi í skemmtanabransanum!

Skemmtinefndin stefnir að svipaðri starfsemi á næsta starfsári.

Spilanefnd félagsvistar, Gunnar B. Jóhannsson formaður flutti skýrslu nefndarinnar.

Spilanefnd félagsvistar skipa Gunnar B. Jóhannsson formaður, Magnús Kristinsson, Ásta Þorsteinsdóttir, Kristinn Gunnar Sigurðsson, Jósefína Stefánsdóttir, Sigríður Steinþórsdóttir og Guðbjörg Bergsveinsdóttir.

Síðasta ár var að hluta til sérstakt að mörgu leyti. Byrjuðum á síðasta hausti að spila á hverjum fimmtudegi, vegna þess að Sjálfsbjörg hætti með sín spilakvöld. Á síðasta ári spiluðum við í 34 skipti. Það komu um 2.200 manns að spila. Það er um 65 manns á kvöldi. Það kostar kr. 500 inn. Það er það sama og kostaði fyrir aldamót. Við greiðum kr. 22.000 í vinninga á hverju kvöldi og þar að auki 2 frímiða, með lengstu setu og lægsta skor. Innistæða um áramót var kr. 140.000. Þrisvar sinnum á vetri erum við með tertuveislu fyrir spilafólkið og stundum frítt úr eldhúsi.

Spilanefnd fyrir keppnisbridds, Þorsteinn Friðriksson formaður flutti skýrslu nefndarinnar.

Nefndina skipa Þorsteinn Friðriksson og Brynja Friðfinnsdóttir. Spilað er á fimmtudögum frá eitt og fram undir hálf fimm frá 19. sept. til 3. maí en þá eru verðlaun veitt fyrir árangur vetrarins. Kaffi og meðlæti standur mönnum til boða.

Fyrirspurnir og umræður um skýrslur nefnda.

Karl Jörundsson lýsti vonbrigðum sínum með að styrkur félagsins til ferða á vegum ferðanefndar upp á kr. 200.000 var kippt burt.

Valgerður Jónsdóttir nefndi að gott starf er unnið á vegum nefndanna.

Hjörleifur Hallgríms sagðist ekki fara í ferðir á vegum félagsins en vill að áfram verði veittur fjárstyrkur til ferðanefndar.

Kosning fulltrúa í öldungaráð:

Fundarstjóri leitaði eftir afbrigði frá dagskrá til að taka fyrir kosningu fulltrúa EBAK í öldungaráð Akureyrarbæjar. Fundurinn samþykkti það samhljóða.

Formaður kjörnefndar, Hallgrímur Gíslason, gerði grein fyrir framkvæmd kosninganna. Eftirtaldir aðilar höfðu boðið sig fram:

Jón Aðalsteinn Hermannsson, Sigríður Stefánsdóttir, Valgerður Jónsdóttir, Áslaug Magnúsdóttir, Halldór Gunnarsson og Hjörleifur Hallgríms.

Niðurstöður kosninganna voru: Alls greiddu 97 manns atkvæði en 2 reyndust ógild þar sem krossað var við of marga. Atkvæðin dreifðust þannig:

Sigríður fékk 88 atkvæði, Valgerður 84 atkvæði, Halldór 80 atkvæði, Jón fékk 64 atkvæði, Áslaug fékk 34 atkvæði og Hjörleifur fékk 30 atkvæði.

Gestur Jónsson, Halldóra Hrönn Höskuldsdóttir og Kolbrún Kristjánsdóttir sáu um talninguna.

6 Skýrslur nefnda og annarra hópa EBAK:

Bugðusíðunefnd, Hulda Eggertsdóttir formaður flutti skýrslu nefndarinnar.

Nefndina skipuðu: Hulda Eggertsdóttir formaður, Svavar Páll Laxdal ritari og meðstjórnendur Ólöf Pálsdóttir, Kristín Haraldsdóttir, Edil Jensdóttir, Jósefína Stefánsdóttir og Ásta Birna Karlsdóttir.

Þetta var annað sumarið sem nefndin sá um sumaropnun í Bugðusíðu í júní og ágúst. Starfsemin var svipuð og sumarið 2016 en við bættist stólajóga á föstudögum sem var mjög vinsælt. Lokað var í 4 vikur í júlí en aðsóknin hinar vikurnar var mikil og í heildina milli 1700 – 1800 gestir. Allt var unnið í sjálfboðavinnu og starfsemin þurfti að vera sjálfbær. Þetta gekk svo vel að síðasta Pálínukaffið varð að hátíð með snittum, marenstertum, konfektum og tiskusýningu.

Golfnefnd, Hlynur Jónasson formaður flutti skýrslu golfnefndar fyrir starfsárið 2018

Nefndina skipuðu Hlynur Jónasson formaður, Sólveig Gunnarsdóttir og Ingi Þór Jóhannsson.

Síðastliðið sumar voru þúttæfingar á vegum EBAK á Jaðri, einnig fengum við að spila á nýjum 6 holu golfvelli, sem heitir Dúddisen. Við höfum fengið mjög góðar móttökur hjá Golfklúbbi Akureyrar. Í vetrarbyrjun hófust þúttæfingar á ný í íþróttahöllinni. Þátttakendur voru 50 í byrjun, sem skiptust í 3 hópa, þ.e. á mánudögum, miðvikudögum og föstudögum, klukkutíma í senn, heldur fækkaði í hópunum er frá leið. Sturla golfkennari kom í tíma hjá hverjum hópi og fór yfir undirstöðuatriði. Mót var haldið í janúarlok.

Fjárhagurinn stendur vel, kr. 250.000 inn á bókinni. Á komandi sumri er reiknað með að nefndin fái svipaða aðstöðu á Jaðri og verið hefur, búið er að tala við formann GA, Bjarna Þórhallson, við góðar undirtektir.

Gönguklúbbur, Jónas Stefánsson talsmaður, skýrsla gönguklúbbsnefndar 2017 – 2018:

Boðað var til fundar hér í Bugðusíðu í maí s.l. Efni fundarins var stofnun gönguklúbbs sem hefði að markmiði að efna til lengri og eða erfiðari gönguferða, en gangan í Kjarnaskógi býður upp á.

Mynduð var þriggja manna nefnd sem var þannig skipuð: Jónas Stefánsson formaður, Valgerður Jónsdóttir ritari og Svala Sigurðardóttir en þau buðumst til að leiða þennan gönguklúbb, að minnsta kosti fyrstu skrefin. Í þeirri leiðsögn fólst m.a. að sjá um auglýsingar, göngur og fræðsluefni um göngusvæðið. Gönguferðirnar voru auglýstar á facebook vef EBAK ásamt upplýsingum um göngu-leiðina. Í lok göngusumarsins var svo settur pistill inn á facebook vef EBAK um gönguferðirnar nánast í smáatriðum eftirkomendum okkar til ábendingar um hvernig við stóðum að þessu. Síðasti pistill nefndarinnar inn á vef EBAK var að biðja ykkur, einkum þau ykkar sem þátt tóku í göngunum að segja skoðun ykkar á hvernig til hafi tekist og benda á hvað betur mætti gera.

Nú höfum við sett upp gönguhugmynda áætlun sem nefndarfólk á eftir að vinna úr. Sú áætlun er tengd ferðaáætlun Ferðafélags Akureyrar, en stjórn FFA var svo vinsamleg að heimila okkur að fara með þeim í allar eins dags ferðir á sama gjaldi og félagar í FFA greiða.

Okkar hugmynd og ósk er að fjölga nefndarfólki í göngunefnd með það að markmiði að göngunefndarfólk sé ekki bundið við hverja göngu þ.e. að göngunefndarfólk taki að sér að sjá um eina til tvær göngur, sjái um auglýsingu og annað það sem göngunni tilheyrir

Netmiðlar EBAK, Hallgrímur Gíslason talsmaður flutti skýrslu nefndarinnar.

Nefndarmenn eru tveir, þeir Hallgrímur Gíslason og Garðar Lárússon.

Verkefni þeirra er að setja fréttir og annað efni inn á heimasíðuna ebak.is og einnig í fésbókar-hópinn EBAK Félag eldri borgara á Akureyri. Nokkrir nefndaformenn og aðrir setja efni frá sínum nefndum eða hópum inn á hópsíðuna. Annars er verkaskiptingin þannig að Garðar setur allar auglýsingar frá félaginu inn á heimasíðuna og í fésbókarhópinn, en Hallgrímur annað efni sem til fellur. Þeir leysa hvor annan af eftir þörfum.

Fyrir einu og hálfu ári var heimasíðan endurnýjuð og snjalltækjavædd, þannig að hún er aðgengilegri en áður fyrir þá sem nota snjallsíma og spjaldtölvur. Notkun síðunnar hefur aukist mikið frá síðasta aðalfundi og það sama má segja um fésbókarhópinn. Félagar eru hvattir til að finna hann á Facebook og óska eftir að gerast meðlimir.

Helstu fréttir af heimasíðunni er hægt að fá í tölvupósti og er nýbúið að endurnýja póstlistann, en við hvetjum þá sem ekki fá fréttirnar þannig, að fara inn á ebak.is og skrá sig á póstlista. Á heimasíðunni eru tenglar á ýmsar gagnlegar netsíður, sem er ástæða til að skoða og kynna sér.

Markmiðið er að auka upplýsingastreymið frá félaginu. Til þess þurfum við aðstoð félaganna bæði við að setja inn efni og senda okkur myndir og frásagnir frá atburðum á vegum félagsins. Ef við hjálpumst að verða netmiðlarnir okkar fjölbreyttir og áhugaverðir aflestrar, þar með eykst notkunin og gagnið sem félagarnir hafa af þeim.

Allar ábendingar um efni og það sem hugsanlega má betur fara eru vel þegnar.

Við Garðar þökkum notendum miðlanna ánægjulegt samstarf á árinu og hvetjum alla til að nýta það efni sem sett er inn. Slíkt er til hagsbóta fyrir félagið sjálft og okkur öll.

Kór eldri borgara, „Í fínu formi“, Jónasína Arnbjörnsdóttir formaður, flutti skýrslu kórsins.

Stjórn kórsins skipa Jónasína Arnbjörnsdóttir, formaður, Sævar Hallgrímsson varaformaður, Sigrún Sæmundsdóttir gjaldkeri, Sigríður Guðmundsdóttir ritari, meðstjórnandi Rósa Gunnarsdóttir, Nótnaverðir eru Kristbjörg Gunnarsdóttir og Ragnheiður Brynjólfsdóttir. Sigurður Jóhannesson og Sigurgeir Ísaksson eru endurskoðendur og ferðanefnd kórsins skipa: Jóna Berg, Inga B. Ingólfssdóttir og Vilhelm Arthursson.

Kórinn er nú á sínu 32. starfsári og telur um 60 manns sem mæta vel, sama hvernig viðrar.

Æfingar eru á mánudögum og fimmtudögum, 2 klst í senn í samverusal í Víðilundi og er þar góð aðstaða. Kórfélagar greiða kr.1500 á mán í félagsgjöld meðan kórinn starfar en frí er yfir 3 mán. sumars. Stjórnandi er Petra Björk Pálsdóttir og meðleikari Valmar Valjaots.

Helstu atburðir á starfsárinu 2017 – 2018 eru:

Kórinn fór 2. mars til Ólafsfjarðar í boði “Vorboðakórsins” í Fjallabyggð. Þar var sungið í félagsheimilinu Tjarnarborg. Á eftir voru myndarlegar kaffiveitingar og stiginn dans við undirleik 3ja manna. Skemmtileg ferð.

Bingó var haldið í sal Bugðusíðu þann 29. mars sem gekk afar vel.

Vortónleikar ÍFF voru í Akureyrarkirkju þann 18. apríl. Þar voru 144 kirkjugestir. Eftir söng fóru félagar í kaffi í safnaðarheimili sem er fastur liður.

Vorferð kórsins var að þessu sinni um Suðurland. Tónleikar voru fyrst 15. maí í Hveragerði, þann 16. maí á Selfossi og 17. maí í Stangarhyl 4 í Reykjavík. Þetta var mjög vel skipulagt af ferðanefnd kórsins og öllum sem að ferðalaginu stóðu og móttökur góðar.

Á Uppstigningardag 25. maí, sem er dagur aldraðra, sungum við í messu í Akureyrarkirkju.

Þann 31. júlí kom eistneskur kór og söng með okkur í Glerárkirkju. Eftir sönginn fórum við öll upp í Reiðhöll og borðuðum og sungum aðeins meira. Ágætis samkoma.

Aðalfundur kórsins var haldinn þann 11. sept. Baldvin Bjarnason formaður lét þá af störfum og við formennsku tók Jónasína Arnbjörnsdóttir. Baldvin voru færðar góðar þakkir fyrir vel unnin störf.

Bingó var haldið þann 15. nóvember í sal Bugðusíðu.

Þann 22. nóvember hélt kórinn jólahlaðborð í sal Bugðusíðu sem mæltist ágætlega fyrir. Kórinn Í fínu formi söng svo jólalög á dvalarheimilum ss. á Hlíð, Lögmanshlíð, Kristnesi og Grenilundi á Grenivík á jólaföstu. 7. des. söng kórinn í Gleráarkirkju í “Samveru eldri borgara”. 17. des. hélt kórinn okkar Jólátónleika með Kór Gleráarkirkju. Kirkjan var full út úr dyrum og mikið klappað. Á Gamlársdag söng kórinn við messu á báðum dvalarheimilum Akureyrarbæjar. Þann 22. janúar 2018 sungum við nokkur lög í Menningarhúsinu Hofi þar sem Tónlistarfélag Akureyrar hélt upp á 75 ára afmæli sitt. Árshátíð kórsins var haldin 3. febrúar og sáu bassarnir alfarið um hana, en það er hefð að hver rödd geri það og skiptist þannig á, Næst verður það sópraninn. Bingó var haldið 7. febrúar í Bugðusíðu. Kórinn söng þorrasöngva ásamt félögum úr karlakórum og kvennakór á báðum dvalarheimilum Akureyrar þann 9. febrúar við góðar undirtektir. Bingó var haldið í Bugðusíðu þann 21. mars. Staða bankareiknings kórsins var 31. des. 2017 kr. 1.435.235.-

Notendaráð, Fjóla Hermannsdóttir er talsmaður ráðsins en Páll Magnússon ritari flutti hana.

Í ráðinu eru Fjóla Hermannsdóttir, Pálína Jónsdóttir, Kolbrún Geirsdóttir, Kristín Jónsdóttir, Lárus Reynir Halldórsson, Marta Gestsdóttir og Páll Magnússon. Varamaður er Unnur Þorsteinsdóttir. Fulltrúar EBAK eru Halldóra Hrönn Höskuldardóttir og Hulda Eggertsdóttir. Fundir eru haldnir reglulega yfir veturinn, annan föstudag í hverjum mánuði, til skiptis í Víðilundi og Bugðusíðu, og oftast ef tilefni er til.

Notendaráð er hugsað sem tengiliður milli starfsfólks og notenda félagsmiðstöðvanna í Víðilundi og Bugðusíðu. EBAK á tvo fulltrúa í ráðinu. Hlutverk notendaráðs er að vera talsmenn fólksins, sem nýtir þjónustuna og taka við ábendingum og tillögum um starfsemina.

Notendaráð hefur tekið virkan þátt í félagsstarfinu og m.a. haft veg og vanda af árlegri aðventuskemmtun í desember. Í ár varð það að samkomulagi milli starfsfólks og notendaráðs að ekki verður hefðbundin handverkssýning, en í stað þess haldinn markaðsdagur þar sem handverksfólki gefst kostur á að leigja sér borð og selja sitt handverk. Notendaráð mun sjá um kaffisölu þann dag.

Víðilundarnefnd, Margrét Pétursdóttir talsmaður flutti skýrslu nefndarinnar.

Þann 9. maí 2017 átti ég fund með Bergljótu Jónasdóttur vegna óska eldri borgara um að þeir fengju aðstöðu til samveru og virkni í Víðilundi yfir sumarmánuðina. Bergljót tók beiðni okkar afar vel og við ákváðum að nota Norðursalinn til þess. Fjórar konur tóku verkefnið að sér í sjálfböðavinnu og mynduðu hina eiginlegu Víðilundarnefnd. Það voru þær Júlía Friðriksdóttir sem bar ábyrgð á lyklinum og var formaður nefndarinnar, Sigurlaug Guðvarðardóttir, Brynja Björnsdóttir og Fjóla Hermannsdóttir sem var fulltrúi Rauða kross hópsins í nefndinni.

Ákveðið var að húsið yrði opið að norðan nánast beint inn í salinn kl. 9 – 12 virka daga og þar væri heitt kaffi á könnunni kl. 9.30 til 11.30. EBAK styrkti nefndina með að leggja til kaffið. Þetta var sem sagt „Spjallkaffið“ okkar og reyndist vinsælt. Í júní komu 425, júlí fengum við 537, ágúst 525 og í september komu 226 fyrir 15. sept þegar bærinn hóf sína starfsemi.

Hjörleifur Hallgríms og spilafélagar hans fengu að vera í Norðursalnum á mánudögum kl. 13 – 16 og sá Hjörleifur um þá spilamennsku. Í henni tóku 69 manns þátt í júní, 118 í júlí, 60 í ágúst og 24 hálfan september.

Þannig að um 1800 manns skráðu komu sína í Víðilund þessa sumarmánuði.

Öldungaráð, Sigurður Hermannsson varaformaður ráðsins flutti skýrslu öldungaráðs Akureyrar.

Í öldungaráði eiga sæti eftirfarandi aðilar : Frá Akureyrarbæ Dagbjört Pálsdóttir, formaður og Gunnar Gíslason. Varamaður Guðmundur Baldvin Guðmundsson.

Fulltrúar EBAK eru Sigurður Hermannsson, varaformaður, Anna G. Thorarensen og Halldór Gunnarsson. Varamaður Arnheiður Kristinsdóttir.

Haldnir hafa verið fjórir formlegir fundir í ráðinu frá síðasta aðalfundi. Tveir fyrri hluta árs 2017 og hinir tveir á árinu 2018. Á fundi 5. apríl 2017 var aðallega rætt um skýrslu KPMG, „Öldrunarþjónusta Akureyrarbæjar, staða og framtíðarhorfur“, sem Magnús Kristjánsson kynnti.

Skýslan var unnin á árinu 2016. Í skýrslunni er farið yfir kostnaðargreiningu á rekstri öldrunarheimilanna og félagsþjónustu. Þar kom meðal annars fram að gjaldfærsla Akureyrarbæjar á innri leigu á hvern íbúa hefur vaxið um 148% frá 2007- 2014. Launakostnaður úr 76% í 93% af daggjöldum á sama tíma. Rammasamningur var undirritaður í október 2016. Veittur 1,5 milljarður í grunninn v/ vegna daggjalda og húsnæðishluta. Einnig var tekið á lífeyrisskuldbindingum.

Þrátt fyrir tekjuauka þá voru laun sem hlutfall af daggjöldum um 100% á árinu 2016.

Samið var um gerð nýrrar útektar við KPMG árið 2017 á rekstri ÖA. Niðurstöður þeirrar skýrslu hafa ekki verið kynntar ennþá fyrir öldungaráði. Rætt hefur verið um að halda almennan fund sem EBAK, öldungaráð, og Akureyrarbær stæðu sameiginlega að, þar sem tekin væru fyrir áhugaverð umræðuefni sem snerta fólk 60 ára og eldra. Ekki hefur ennþá tekist að koma þessu í kring en stefnt er að því að svo verði. Rætt hefur verið um hvað þurfi til að gera Akureyri að „Aldursvænum bæ“. Í því sambandi er horft til átaks hjá Reykavíkurborg undir verkefninu „Aldursvænar borgir“.

Rætt var um hvort hægt væri að fá ráðstefnuna „Rokkað inná efri ár – Nýjar forvarnar-leiðir,“ hingað til Akureyrar. Ráðstefnan var haldin í Reykjavík 15. febrúar sl. í Reykjavík. Það gekk ekki aðallega vegna kostnaðar, en bent var á að öll erindin eru aðgengileg á „heilsuvera.is“ Athugandi hvort ekki væri hægt að setja tengil á það á heimasíðu félagsins.

Við spurðumst fyrir um útgáfu frístundakorts fyrir eldri borgara en fátt var um svör við því.

Við höfum einnig mætt á kynningarfundum með samstarfshópi þjónustuaðila fyrir eldri borgara og á kynningarfundum um starfsemi ÖA. Ekki hefur verið lokið við yfirferð á samningi félagsins og Akureyrarbæjar um Öldungaráð en því á að vera lokið. Við sem nú sitjum í Öldungaráði ljúkum okkar starfstíma nú á þessu vori. Ég gef ekki kost á mér til endurkjörs og vil þakka mínum meðnefndar mönnum kærlega fyrir samstarfið.

Samstarfið við Akureyrarbæ hefur gengið vel að öðru leyti en því að illa gengur að fá nefndir og ráð á vegum bæjarins að senda þau erindi sem varða okkur til umsagnar til ráðsins eins og kveðið er á um í samningi milli aðila. Þetta kemur vonandi allt þegar kerfið slípast til.

Umræður um skýrslur nefnda:

Hjörleifur Hallgríms beindi fyrirspurn til Jónasínu formanns kórsins vegna árekstra kóræfinga við spilamenskuna á mánudögum. Hann óskar eftir að spila lengur. Væri hægt að færa kórin yfir á þriðjudaga? Jóna Berg Gunnarsdóttir svaraði Hjörleifi og sagði að það yrði athugað, en það þarf að ræða við stjórnanda og undirleikara.

Sigurður Hermannsson tók fram að nefndir hafa ekki beinan aðgang að styrk frá stjórn en geta þurft að sækja um styrki til stjórnar.

Karl Jörundsson sagði að nauðsynlegt væri að hafa ákveðið rekstrarfé þegar verið væri að semja við ferðþjónustuaðila, áður en hægt er að fá féлага til að greiða staðfestingargjald. Pöntun er oft ekki skrifuð niður ef staðfestingargjald er ekki greitt strax.

7. Lagabreytingar

Halldór Gunnarsson varaformaður EBAK kynnti breytingatillögur stjórnar.

Stuttar skýringar við tillögur að breytingum á lögum EBAK

Lagt er til að breyta orðinu lög í samþykktir, því lög eru eingöngu sett á alþingi. Breytingin hefur áhrif á haus og á 6., 12. og 13. grein.

1. gr. Skammstöfuninni EBAK er bætt inn og orðinu pósthöfundur er breytt í netfang.

5. gr. Skýrt tekið fram að fjögurra ára reglan gildir um varamenn eins og um aðalmenn í stjórn, svo og nefndarmenn.

5. gr. Tvær setningar eru fluttar úr 5. grein í 9. grein. Sú breyting er gerð á annarri þeirra að samþykki aðalfundar þurfi ekki lengur til að veita undanþágu frá fjögurra ára reglunni, þar sem stjórn og uppstillingarnefnd þurfa að geta fengið þá heimild.

9. gr. Orðunum bridds er breytt í keppnisbridds og Útivist og heilsurækt í heilsuefning.

9. gr. Golfnefnd er bætt inn í fastar nefndir.

9. gr. Stjórn félagsins geti ákveðið fjölda nefndamanna í samráði við nefndirnar.

10. gr. Tvær setningar eru færðar úr 10. grein í 9. grein.

Stefán Villhjálmsson kom með fyrirspurn um hvernig fjöggra ára reglan virkar?

Svar: Félagi getur verið fjögur ár varamaður, svo fjögur ár sem aðalmaður í stjórn.

Breytingarnar samþykktar samhljóða

Nýjar heildar samþykktir samþykktar með öllum greiddum atkvæðum.

8. Kosning í stjórn og nefndir félagsins:

Baldur Þorsteinsson kynnti **tillögur uppstillinganefndar** og gerði grein fyrir störfum hennar. Nefndina skipuðu Arnheiður Kristinsdóttir, Baldur Þorsteinsson, Hugrún Hólmsteinsdóttir og Sævar Hallgrímsson. Tengiliður nefndarinnar við stjórn var Halldór Gunnarsson.

Nefndin hélt fundi eftir þörfum. Greiðlega gekk að fá fólk til starfa og vil ég þakka öllum þeim sem góðfúslega féllust á að taka að sér störf í þágu félagsins. Leitast var við að fylgja þeim ásetningi félagsins að kynjahlutföll væru sem jöfnust í nefndum þótt ögn misjafnlega tækist til í þeim efnum. **Listinn er sjálfkjörinn** og hefur þegar verið lagður fram. Þótt þetta sé aðalfundur er sem sagt ekki hægt að koma fram með breytingartillögum.

Tillögur til stjórnar- og nefndastarfa 11.03.2018

Stjórn félagsins 2018-2019

Kjört.bil	Árafj	Nafn	Kennitala	Símanúmer	Netfang
Formaður:					
2018-2020	3	Haukur Halldórsson	250145-2629	462-4502/892-2258	halldorsson@internet.is
Aðalstjórn:					
2018-2020	3	Margrét Pétursdóttir	250546-3359	462-4335/863-4335	mpe@simnet.is
2018-2020	1	Garðar Lárússon	260750-2089	461-2632/862-0836	gardarlar@gmail.com
2018-2020	3	Dóra Steinunn Jónasdóttir	120151-2319	462-2646/694-7248	dorasjonasdottir@gmail.com
2017-2019	4	Halldór Gunnarsson	080243-2359	462-6175/690-3575	halldorogbjorg@simnet.is
2017-2019	2	Hallgrímur Gíslason	240948-7619	475-8952/849-4509	hallgrimurgi@gmail.com
2017-2019	2	Halldóra Hrónn Höskuldsd.	080553-3749	462-4192/864-8474	hronn53@gmail.com
Varastjórn :					
2018-2019	4	Kolbrún Kristjánsdóttir	031032-6449	462-1811	
2017-2019	2	Egill Jónsson	300549-2099	461-1149/848-3666	egill.jonsson1@gmail.com
2018-2020	1	Birgir B. Svavarsson	140645-4439	462-2322/820-6822	birgirbjorn@internet.is

Nefndir 2018 - 2019 (kosnar til eins árs)

Ferðanefnd:

2018-2019	4	Hulda Eggertsdóttir	060935-2219	462-2424/864-6424	
2018-2019	4	Hákon Hákonarson	060245-4799	462-2881/899-1088	hakon45@simnet.is
2018-2019	4	Rafn Sveinsson	031041-4499	462-1789/896-2720	rafns1@simnet.is
2018-2019	4	Karl Steingrímsson	210942-4919	462-1144/897-2414	kallioffia@gmail.com
2018-2019	4	Karl Jörundsson	150734-3049	462-2993/898-7369	karl@aeys.is
2018-2019	3	Ásgerður Snorradóttir	220342-4929	462-1934/864-4802	lerkilundur10@simnet.is
2018-2019	4	Kolbrún Kristjánsdóttir	031032-6449	462-1811	

Skemmtinefnd:

2018-2019	4	Birgir Sveinbjörnsson	060445-7299	462-6747/698-7647	birgirsv@simnet.is
2018-2019	1	Sigurgeir Ísaksson	130237-4369	461-1609/	

2018-2019 1 Jóna Berg Garðarsdóttir	241043-2749	466-1338/897-1338	
2018-2019 4 Ásta Axelsdóttir	311238-2999	462-1872/841-9979	
2018-2019 4 Sveinn Sigurbjörnsson	290538-3009	463-3167/856-5467	
2018-2019 1 Freysteinn Bjarnason	290845-2469	477-1810/896-9989	
2018-2019 1 Ingibjörg Árnadóttir	121246-4579	477-1810/	
2018-2019 1 Matthildur Sigurjónsdóttir	071244-3939	862-6884/	
2018-2019 2 Ágúst Ellertsson	230946-2809	462-2898/897-7823	lingas@internet.is

Fræðslunefnd:

2018-2019 3 Hólmfríður Guðmundsdóttir	250844-4769	467-1862/868-1862	holmgud@simnet.is
2018-2019 3 Grétar G. Ingvarsson	230552-4799	462-4335/846-9021	ggi@simnet.is
2018-2019 3 Stefán Vilhjálmsson	110949-3169	462-2468/898-4475	thorstr103@gmail.com
2018-2019 2 Guðrún Sigurðardóttir	101048-2339	462-3585/847-5430	gudrunsig@hotmail.com
2018-2019 2 Ragnheiður Gestsdóttir	090743-3769	462-5543/864-5943	ragnheiðurgestsd@gmail.com

Göngunefnd:

2018-2019 3 Soffía Jónsdóttir	170747-2839	462-3049/897-3049	ossajons@gmail.com
2018-2019 3 Júlíana Tryggvadóttir	090843-7619	565-0186/865-5911	julianaht@simnet.is
2018-2019 3 Jakob Jóhannesson	150244-2699	465-1113/842-2456	skjoldal@mi.is
2018-2019 3 Unnur Þorsteinsdóttir	260244-3619	461-2244/867-8111	nurra@internet.is
2018-2019 1 Finnur Ö. Marínósson	210343-3939	462-1221/	

Kaffinefnd:

2018-2019 1 Nína Ingvadóttir	091047-8029	847-9812	
2018-2019 4 Ingigerður Traustadóttir	300343-2019	462-4377	
2018-2019 4 Marta Gestsdóttir	031040-2999	462-6792	
2018-2019 1 Júlíana G Kristjánsdóttir	050549-3999	780-4949	
2018-2019 4 Sigurveig G Einarsdóttir	060636-4789	462-1348/692-1348	

Spilaneindir:

a) Spilanefnd félagsvistar:

2018-2019 4 Gunnar Jóhannsson	180835-2539	462-1107/892-8207	gunnfrid@mi.is
2018-2019 1 Guðbjörg Bergsveinsdóttir	200447-3879	/868-7835	
2018-2019 4 Ásta Þorsteinsdóttir	070851-7769	461-2825/861-2825	astathor@hotmail.com
2018-2019 4 Magnús Kristinsson	110845-4489	462-1379/862-8210	
2018-2019 1 Jósefína Stefánsdóttir	131249-4389	462-4963/863-1655	seppi@simnet.is
2018-2019 1 Kristinn G. Sigurðsson	220948-4479	/862-6806	
2019-2019 1 Sigríður Steinþórsdóttir	141050-4009	/823-2043	

b) Spilanefnd fyrir keppnisbridds:

2018-2019 2 Brynja Friðfinnsdóttir	080549-4239	697-7782	star@heimsnet.is
2018-2019 2 Þorsteinn Friðriksson	110846-7899	899-1007	steini7@simnet.is

Tillaga stjórnar og uppstillinganefndar um skoðunarmenn reikninga:

2018-2019 3 Ásgerður Snorradóttir	220342-4929	462-1934/864-4802	lerkilundur10@simnet.is
2018-2019 3 Baldur Guðvinsson	080642-2459	462-2227/863-5027	bgw@simnet.is

Valgerður Jónsdóttir spurði um tillögur í stjórn gönguhópsins. Halldór Gunnarsson benti á að gönguhópurinn er á vegum stjórnarinnar enn þá.

9 Tillaga stjórnar um uppstillinganefnd fyrir aðalfund í mars 2019.

Fundarstjóri kynnti tillöguna

2018-2020 3 Baldur Þorsteinsson	190546-3309	462-2018/862-0418	balthor46@gmail.com
2018-2020 3 Kolbeinn Sigurbjörnsson	241246-2569	462-2098/695-3539	kollisigurb@simnet.is
2017-2019 4 Hugrún Hólmsteinsdóttir	010346-3209	/849-0594	hugholm@simnet.is
2017-2019 4 Sævar Hallgrímsson	240638-3049	462-2868/869-4051	saevarhall@simnet.is
2017-2019 2 Arnheiður Kristinsdóttir	251040-3699	462-3007/898-0674	arnheidur@simnet.is

Listinn var sjálfkjörinn.

10 Ályktanir fundarins:

a) Ályktun aðalfundar EBAK 2018

Aðalfundur Félags eldri borgara á Akureyri haldinn 26. mars 2018 samþykkir að fela stjórn félagsins að hefja viðræður við Akureyrarbæ um mögulegar breytingar og/eða stækkun á húsnæði félagsmiðstöðvarinnar í Bugðusíðu 1.

Markmiðið er að húsnæði félagsmiðstöðvarinnar þjóni sem best því félags- og tómstundastarfi sem þar fer fram á vegum EBAK og Akureyrarbæjar. Aldurshópurinn 60 ára og eldri stækkar ört í sveitarfélaginu, en fjöldi félagsmanna í EBAK er nú um 1.400 manns og fjölgar stöðugt.

Salurinn í Bugðusíðu 1 nægir ekki fyrir ýmsa viðburði sem þar fara fram á vegum félagsins. Þá er þröngt um ýmsa aðra starfsemi s.s. handmennt af ýmsu tagi og aðra tómstundaiðju og félagsstarf. Úr þessu þarf að bæta með breytingum og/eða stækkun húsnæðisins í Bugðusíðu 1. Þátttaka félagsins í kostnaði við framkvæmdir í Bugðusíðu 1 verði háðar samþykki félagsfundar EBAK.

Stjórn EBAK

Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

b) Ályktun aðalfundar EBAK 2018

Aðalfundur Félags eldri borgara á Akureyri haldinn 26. mars 2018 fagnar stofnun öldungaráðs Akureyrarkaupstaðar frá 9. júlí 2015. Í samþykktum fyrir öldungaráðið eru skýr fyrirmæli um hlutverk þess. Í 2. gr. segir m.a. að öldungaráðið skuli vera bæjarstjórn, nefndum og ráðum Akureyrarkaupstaðar til ráðgjafar um málefni og hagsmuni bæjarbúa sem eru 60 ára og eldri.

Aðalfundurinn hvetur bæjaryfirvöld til þess að efla starfsemi öldungaráðsins með það að markmiði að ráðið verði öflugur samráðs aðili um málefni aldurshópsins 60 ára og eldri í bæjarfélaginu.

Stjórn EBAK

Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

11 Önnur mál:

a) Haukur formaður bauð nýja nefndarmenn velkomna til starfa.

b) Fulltrúar í stjórn og nefndum félagsins sem nú láta af störfum voru kvaddir með rósum og þökkuð mikil og góð störf: Jón Aðalsteinn Baldvinsson hættir í stjórn. Erna Tulinius, Páll Gíslason, Hildur Svala Karlsdóttir, Pétur Sigurðsson og Filippía Sigurjónsdóttir hætta í skemmtinefnd.

Gylfi Guðmarsson hættir í göngunefnd og úr kaffinefnd fara Vera Sigurðardóttir og Sigurlaug Guðvarðardóttir. En Helen Gunnarsdóttir og Ragna Aðalsteinsdóttir hætta í spilanefnd félagsvistar.

Sigurður Hermannsson, Anna G. Thorarensen og Arnheiður Kristinsdóttir hætta í öldungaráði.

Fundarstjóri fékk samþykki fundarins til að ganga frá fundargerðinni.

Fundarslit: Formaður Haukur Halldórsson sleit fundi um kl. 16.30.

Ritarar fundarins voru: Margrét Pétursdóttir og Garðar Lárusson.